

útnefndur verkamálaráðherra í ráðaneyti Bandarskjaforsetans — stöðu, er hann gumnir enn — og svo hitt, að hann kvaðst ekki hafa þá sérstöku þekkingu, er nauðsynleg væri forseta félagsins. Á þingi þessu var því Dr. Eliot kjörinn forseti, en séra Charles W. St. John, prestur frá Pittsburg Penna., settur skrifari í hans stað.

Samkvæmt breytingunni, er þá var gjörð, var hinum nýja forseta falið allt framkvæmdarvald á hendur fyrir félagið, og settur meðlimur allra milliþinganefnda, er kosnar eru. Forsetinn á og að sjá um öll missíónmál, og vinna þar að eins mikið, og tími leyfir. Hann er í einu orði biskup félagsins, eftir hægt væri að brúka það orð um nokkurn mann innan Unitarayrkjunnar.

Verksvið hans er afarstórt og óteljandi skyldur, er á honum hvila. Unitarayrkjan hefir nú breiðst yfir landið og undir hans stjórn hafa bæzt við um 100 nýjar kyrkjur og söfnuðir. Inntektir félagsins eru nú nær tvöfaldar við það, sem þær voru áður, og skólum hefir félagið fjöldað að mun. Þriðji prestaskólinn var stofnsettur, árið sem leið, vestur á Kyrrahafsströnd. Í ráði er og, að setja þann fjórða af stað í sambandi við Chicago háskólan.

Dr. Eliot er enn þá ungar maður og heill heilsu. Efalaust á hann estir að gjöra stórmikið. Hann er mjög mannvænlegur maður að ásýndum, hár og þrekinn, djarsmannlegur í fraíkomu og þannig í viðmóti, að hann er manna líklegastur til, að reka hræsni og hleypidóma í felur. Hann er stór í lund, glaðlegur en yfirlætislaus, hagsýnn vel og kjörinn leiðtogi síns félagsskapar.



HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameriku; kemur út 18 sinnum á ári og kostar \$1 árgangurinn. -- Í útgáfunefnd eru þessir menn: B. B. Olson, Gimli, Björn Pétursson, Fred. Swanson, Guðmundur Árnason, og Magnús Pétursson, Winnipeg. —

Ritstjóri síra Rognvaldur Pétursson, Winnipeg.

Utanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: **Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.**

Útsendingu og innheimtu Heimis annast Björn Pétursson, **555 Sargent Ave.**, og eru allir útsölumenn og kaupendur ritsins heðnir að snúa sér til hans því viðvikjandi.

Prentari: Gísli Jónsson, 656 Young st. Winnipeg Man.